

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	4/10 2018
Málsnr:	1506568
Bréfal:	331



Hafnarfjarðarbær  
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 3. október 2018  
Tilv.: VEL18010022/05.54.02

**Efni: Svar við erindi Hafnarfjarðarbæjar um fjölgun hjúkrunarrýma í gamla Sólvangshúsinu**

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar dags. 2. janúar 2018 um fjölgun hjúkrunarrýma í gamla Sólvangshúsinu í framhaldi af því að nýtt hjúkrunarheimili verður tekið í notkun um næstu áramót. Í erindi Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að vilji sé fyrir að gera endurbætur á gamla Sólvangshúsinu til rekstrar 33 nýrra hjúkrunarrýma.

Velferðarráðuneytið hefur farið yfir erindið og heimilar rekstur allt að 33 nýrra hjúkrunarrýma í gamla Sólvangshúsinu eftir að áðurgreindar breytingar hafa verið gerðar á húsnæðinu.

Ráðuneytið vekur samt athygli á því að samkvæmt 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 þarf rekstraraðili að tilkynna Embætti landlæknis um þjónustuna og starfsemin er ekki heimil nema fyrir liggi staðfesting embættisins á því að hún uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöfni. Heimild ráðuneytisins fyrir rekstri hjúkrunarrýmanna er því háð því að staðfesting Embættis landlæknis liggi fyrir.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra



Elsa B. Friðfinnsdóttir



Guðlaug Einarsson

Ljósrit: Landlæknir, Alma D. Möller, Barónsstíg 47, 101 Reykjavík